
FUNDARGERÐ

Fundur: 92. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Föstudagur 14. september 2007, kl. 10:30-11:45
Fundarstaður: Landsnet, stjórnstöð Bústaðavegi
Fundarefni: 1) Áætlun ársins 2008.
2) Nýjar skýrslur á heimasíðu START, Stuðlar og Kostnaður vegna skorts.
3) Staða skráningar.
4) Önnur mál

Á fundinn mættu:

START: Nils Gústavsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Ragnar Emilsson
Kjartan Rolf Árnason (fyrir Steingrím)
Trausti Ólafsson (fyrir Egil)
Haukur Eggertsson (fyrir Ívar)

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Fjarverandi: Sigfús Guðlaugsson

- 1) JV fór yfir drög að áætlun ársins 2008 og sagðist hafa skipt kostnaði í tvennt, þ.e. annars vegar það sem skipt er í hlutföllum milli veitnanna og hins vegar því sem unnið er beint fyrir veiturnar. Hann sagði að Kristján hjá Orkubúi Vestfjarða hefði farið fram á þetta og að sendir væru tveir reikningar í samræmi við þetta. Þessi breyting var samþykkt. Einnig sagðist hann hafa fengið fyrirspurn frá Kristjáni hjá Orkubúi Vestfjarða um hlutfallsskiptingu en honum fannst hlutur OV stór miðað við aðrar veitur og sagðist JV hafa sent honum upplýsingar um það hvernig þessi skipting hefði verið ákveðin. RE sagði að þeir gerðu ekki frekari athugasemdir við kostnaðarskiptinguna. Áætlunin var þá samþykkt af öllum.
- 2) JV sýndi tvær skýrslur sem komnar eru á vef hópsins eða “Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 1997-2006” og “Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2007 og 2008”. RSS benti á að setja mætti alþjóðlegar skammstafanir á stuðlum innan sviga á mynd í Yfirliti í fyrri skýrslunni. Bent var á að sýna mætti í töflu 4.4. í seinni skýrslunni upplýsingar um magn skerðingar og markaðinn. Annars var samþykkt að gefa þessar skýrslur út að nýju á sama formi á næsta ári.

- 3) Farið var yfir stöðu skráningar. NG sagði að Landsnet væri búið að kaupa þær einingar sem OR og HS hafa leigt til fyrirtækisins. Hann sagði að skráningin hjá Landsneti væri í góðu horfi. TÓ sagðist ekki vera viss um það hvernig skráningin gengi hjá þeim en hún væri ekki komin í gang í Vestmannaeyjum. RE sagði að skráningin hjá þeim væri í svipuðu formi og áður. KRÁ sagðist halda að skráningin hjá Rarik væri í svipuðu ástandi og áður. GHG sagðist safna að sér upplýsingum um truflanir jafn óðum en einungis skrá í tölvukerfið einu sinni á ári. KHC sagði að skráningin væri í góðu horfi núna þar sem komið væri nýtt dagbókarkerfi og ekki er hægt að ljúka skráningu þar fyrir en skráningu er lokið í START kerfið.
- 4) KHC sagði að of mikil vinna færi í að skrá C skýrslur og vildi einfalda þá skráningu. Ákveðið var að mynda hóp dreifiveitnanna til að koma með tillögu um að einfalda þessa skráningu. Í hópnum eiga sæti:

| | |
|-------------------------|--|
| Orkuveita Reykjavíkur | Kristín Haralda Cecilsdóttir, formaður |
| Rafmagnsveitur ríkisins | |
| Orkubú Vestfjarða | Eysteinn Gunnarsson |
| Hitaveita Suðurnesja | |
| Norðurorka | Gunnar Haukur Gunnarsson |
| Starfsmaður: | Jón Vilhjálmsson |

Farið er fram á að veiturnar skipi fulltrúa fyrir 20. september. Senda skal tillögur um breytingar á Jón Vilhjálmsson fyrir 15. október og verður haldinn fundur í hópnum í kjölfarið. Stefnt að því að hópurinn geti sent frá sér tillögur til START hópsins í byrjun nóvember.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður haldinn í nóvember.

Jón Vilhjálmsson

Sent var til fundarmanna fyrir fundinn:

- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2008. Verkefnishandbók. Drög 1.

Sýnt var á fundinum:

- Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 1997-2006. Skýrsla á heimasíðu START.
- Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2007 og 2008. Skýrsla á heimasíðu START.